Nr. 477 20. júní 2003

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps nr. 806/2002.**

1. gr.

Í stað orðsins „fyrsta“ í 1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar kemur: annan.

2. gr.

11. tölul. 52. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

*Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Landbúnaðarnefnd fer með málefni sveitanna, einkum hvað varðar landbúnaðarmál og samgöngumál í dreifbýli, er til ráðgjafar varðandi búfjáreftirlit í samræmi við lög nr. 103/2002 og reglugerð nr. 743/2002, fer með fjallskilamál samkvæmt lögum um afréttamálefni nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur nr. 472/1991, gerir tillögur um fyrirkomulag refa- og minkaveiða og annast þau mál önnur er sveitarstjórn felur henni.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpavogshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 2003.*

F. h. r.
**Garðar Jónsson.**

*Guðjón Bragason.*